

Mosfellsfréttir

26. árgangur, 2. tbl. maí 2010 - www.mosfellsfrettir.is



BYGGJUM BETRI BÆ - SAMAN



- Mosfellsbær tapar málaferlum í Hæstarétti
- Bæjarfulltrúinn Marteinn í opnuviðtali - bls. 4-5
- Brúarland hús með sögu
- Bæjarstjórinn og Alefli
- Fljótleg og girnileg uppskrift fyrir kvöldið

Leiðari

Íbúalýðræði án mótmæla og piparúða



Hversu marga þarf til þess að hafa áhrif? Séu bæjarmálin skoðuð þá virðist sem svo að einungis þarf að hafa meirihluta í bæjarstjórn og vera sjálfur í honum. Kjörklefinn

gagnast þér bara á fjögurra ára fresti. Til þess að þú hafir virkilegt tækifæri til þess að segja bæjarfulltrúum þína skoðun viljum við framsóknarfólk íbúalýðræði. Núverandi bæjaryfirvöld hafa reynt að halda svokölluð íbúaping, það er góðra gjalda verð og má hrósa fyrir það. En varlega verður að fara í að draga ályktanir af niðurstöðu þessara íbúapinga þar sem aðeins 30 manns mæta og flestir ef ekki allir ýmist kjörnir fulltrúar eða embættismenn. Við munum koma því í framkvæmd að þú getir kosið um stærri mál sem varðar Mosfellsbæ inn á íbúagáttinni á netinu heima hjá þér eða með aðstoð í þjónustuveri bæjarins. Íbúalýðræði verður þó aldrei fullkomnað nema þú getir haft áhrif á ákvarðanir stórar sem smáar.

Við trúum að ef íbúar sem skrifa undir mótmæli, eins og gert var þegar yfir 2500 manns skrifuðu og mótmæltu byggingu Lágafellslaugar af ýmsum ástæðum þá eigi að hlusta á þá. Þau mótmæli sem síðar sýndu sig að voru réttmæt og bænum til smánar því einfalt hefði verið að hlusta. Framsókn vill að ef þú og nágrenni þinn eruð sammála um að bæjarfulltrúarnir séu að gera mistök þá getið þið safnað undirskriftum 25% íbúa og krafist íbúakosningar. Þetta er djörf og afar lýðræðisleg hugmynd sem tími er kominn til að virkja.

Sveitarstjórnarmál snúast um fólk fyrst og fremst og því eiga íbúarnir að hafa beinan aðgang að ákvörðunum. Stjórnarmál hafa verið lokuð inni í fundarsölum þar sem gæluverkefni eru oft sett í forgang og fólk og fyrirtækjum mismunað. Þetta kemur af úreltri hugsun og forræðishyggju.

Þessu viljum við breyta!

Óðinn Pétur Vigfússon

Formaður Framsóknarfélags Mosfellsbæjar

 Framsóknarfélag Mosfellsbæjar

Gleðilegt Sumar



Níels Hauksson
Vörubifreiðarstjóri



KÆLI-VERK EHF
VIÐARHÖFÐA 6
Sími: 577-1440



Mosfellsfréttir

Blað Framsóknarfélags Mosfellsbæjar
26. árgangur, 2. tölublað, maí 2010

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Óðinn Pétur Vigfússon

Ljósmyndir:
© Guðni Þorbjörnsson og fleiri

Ritnefnd:
Ingi Már Aðalsteinsson
Magnús Jósefsson
Þröstur Karlsson

Umbrot og tölvuvinnsla:
gudni.is - Stafræn Útlitshönnun

Dreifing: Íslandsþóstur
Prentun: Litlarent

Gleðilegt Sumar



Sjúkráþjálfun Mosfellsbæjar
Skeljatanga 20 - Sími 566 8520
Sonja Riedman • Löggiltur sjúkráþjálfari



HENGILL EHF
Háholti 14 - Mosfellsbæ



Mosfellsbær tapar máli í Hæstarétti !

Hæstiréttur dæmdi Kaupfélagi Kjalarnesþings (KKP) í vil í máli vegna tilraunar Mosfellsbæjar til útburðar af leigulóðum en meirihlutinn er búinn að vera í áralangri deilu vegna lóða KKP í miðbænum. Mosfellsbær ætlaði að taka lóðir KKP án bóta og ganga þannig í raun gegn stjórnarskrá vörðuðum rétti. KKP hefur verið leigutaki að umræddum lóðum frá 1954 og hefur greitt öll gjöld til bæjarins allan þennan tíma. Samningauleitani fóru út um þúfur þrátt fyrir að KKP hafi lýst sig reiðubúna til að láta lóðirnar af hendi gegn skiptum á sambærilegum lóðum á miðbæjarsvæði en á það var ekki fallist.

Gróft brot á jafnræðisreglu

Það að Mosfellsbær skuli ganga fram og telji sig geta svipt KKP lóðunum án nokkurs endurgjalds á sama tíma og t.d. í máli Hulduhóla voru lóðarréttindin seld á 148 milljónir og því óskiljanlegt að afgreiða þessi tvö svipuð mál með jafn ólíkum hætti. Sérstaklega í ljósi þess

að mál Hulduhóla varðaði skyldmenni bæjarstjórnans og hann sjálfan.

Valdniðsla og lögbrot.

Afgreiðsla bæjarins á málefnum KKP ber vott um valdniðslu en valdniðsla merkir í stjórnsýslurétti að ólöglegt sjónarmið hafi búið að baki töku ákvörðunar stjórnsýsluhafa. Mosfellsbær reyndi að svipta KKP lögvörðum réttindum án þess að bætur komi fyrir en slíkt er skýrt lögbrot. Fulltrúi framsóknarmanna reyndi að telja bæjarstjórn hughvarf með tillögu um að draga áfrýjunina til baka en meirihluti bæjarstjórnar felldi tillöguna á 534. fundi sínum þann 21. apríl sl.

Tapað fjórum sinnum

Þetta er fjórða skiptið sem bærinn tapar í þessu máli gegn Kaupfélaginu. Fyrst tapaði Mosfellsbær einhliða riftun lóðarleigusamnings sem hafnað var af Sýslumanni, síðan staðfesti Héraðsdómur höfnun Sýslumanns,



þá fór Mosfellsbær í útburðarmál fyrir Héraðsdómi sem tapaðist og nú síðast tapaði Mosfellsbær málinu fyrir Hæstarétti.

Þessi skrípaleikur og málaferli hafa kostað skattgreiðendur Mosfellsbæjar milljónir króna sem farið hafa í að greiða m.a. fyrir lögfræðikostnað og kostnað vegna dómkvaddra matsmanna. Þetta verður væntanlega fært á spjöld sögunnar hvernig meirihluti Sjálfstæðismanna og Vinstri-Grænna ætlaði sér að valta yfir eitt elsta félag í sögu bæjarins.

Vissir þú að.....?

- Framsókn er búin að opna kosninga-skrifstofu að Háholti 14, 2. hæð.

- Sigmundur Davíð formaður Framsóknar boðar til fundar með Mosfell-ingum í Listasalnum í Kjarna þriðju-dagskvöldið 18. maí kl 20:00.

- Óli Kárason Tran frambjóðandi B-listans var einn af fyrstu flóttamönnum sem komu til Íslands frá Vietnam.

- Aftureldingu langar í fjármagn til þess að merkja íþróttahúsin.

- Mosfellsbær hefur eytt a.m.k 18 mill-jónum í hönnunarsamkeppnir sl. 2 ár.

- Skuldir pr. íbúa Mosfellsbæjar eru rúmlega 800 þús kr. á hvern íbúa.

- Morgunblaðið segir að skuldirnar séu 171% af tekjum bæjarins.

- Illmögulegt er fyrir krakkana í Leir-vogstungu að ganga í skólann.

- Ungum framsóknarmönnum í Mosó fannst pizzan hans Kidda Rót svo góð að ekkert var eftir þegar þau fóru nammi namm.....!

Skrefin til nýja Íslands Siðareglur Framsóknarflokksins

Eftir Sveinbjörn Ottesen - Skipar 6. sæti B-listans



Framsóknarflokkurinn hefur tekið mikilvæg spor til þess að hindra að eitthvað í líkingu við fortíðina geti endurtekið sig.

Meðal annars tók flokkurinn afgerandi skref til endurnýjunar á síðasta flokksþingi en síðan þá hefur verið mikil endurnýjun innan flokksins. Á flokksþinginu var m.a. ákveðið að skipa nefnd sem hefði það verkefni að setja flokknum siðareglur. Á síðasta miðstjórnarfundi voru síðan siðareglurnar kynntar en þær munu formlega taka gildi á næsta flokksþingi. Þessi skref er meira en nokkur annar stjórnmalaflokkur á Íslandi hefur tekið.


Siðareglur Framsóknarflokksins horfa til alls þess sem er gagnrýnisvert í hegðun stjórnmalamanna, hagsmunaárekstra, ábyrgð á eigin verkum og meðferð valds, svo nokkur atriði úr reglunum séu nefnd. Um þær gildir það sama og um aðrar slíkar reglur, þær eru almennt viðbót við formlegar kröfur til stjórnmalaflokka. Það verður að vera hægt að gera ýrustu kröfur um heilindi, óhlutrægni, ábyrgð, gagnsæi og þjónustu í pólitík sem og annarstaðar.

Framsóknarflokkurinn hefur axlað ábyrgð. Hann hefur ekki notað aðferðafræði Alþýðubandanlagsins og Alþýðuflokksins að skipta um nafn og kennitölu. Slík vinnubrögð hjálpa lítið í því ferli. Flokkurinn hefur valið að ganga í endurnýjun innanfrá auk þess að horfast í augu við það sem miður fór.

Flokkurinn hefur því svarað kalli almennings um gagnsæi og endurnýjun og er því tilbúinn til forustu.

Sveinbjörn Ottesen

Skipar 6. sæti B-listans



Marteinn Magnússon er í fyrsta sæti fyrir Framsóknarflokkinn í komandi sveitastjórnarkosningum 29. maí n.k.

Marteinn ólst upp í vesturbæ Reykjavíkur hjá einstæðri móður, Ernu Jónsdóttur og tveimur systkinum, Jóni eldri bróður og Ásu litlu systur.

Hans helsta athvarf meðan móðir hans vann hörðum höndum að tryggja velferð fjölskyldunnar var að leita til móðurföður síns Jóns Gunnarssonar f.v. skrifstofustjóra. Áttu þeir gott skap saman og eyddu mjög oft löngum stundum í að ræða um pólitík og lífið sjálft.

Af þessum stundum með afa lærði Marteinn margar lífs- og skynsemisreglur sem fylgt hafa honum í gegnum lífið meðal annars í störfum hans í bæjarmálum.

Marteinn segir sjálfur að velferð fjölskyldunnar sé hans helsta áherslumál og það er hans einlæga trú að allir eigi jafnan rétt og að tryggja verði jafnræði í samfélaginu. Nýta á styrk einkaframtaksins þar sem það á við og félagshyggju í öðrum málum. Tekur hann dæmi um góða samvinnu með málefni byggðasamlagsins Sorpu. Þar sé byggt á félagslegum grunni þar sem sveitarfélögin sameinast um ákveðið mál og gera það betur heldur en ef um einkaframtak væri um að ræða.

„Sveitarstjórnarmál snúast um fólk! Ég vil trúna því að fólk sem býður sig fram sé að þessu fyrir fólkíð og fjölskyldurnar fremur en einkahagsmuni.“

Gagnsæi

Eftir erfitt eitt og hálf títill fyrir þjóðfélagið er Marteinn ekki hissa á því að fólk sé leitt á pólitík en segir að sveitastjórnarmál snúist um fólk og þá sérstaklega um fjölskylduna. „Sveitarstjórnarmálin snúast um hag íbúanna og ég vil trúna því að fólk sem býður sig fram sé að þessu fyrir fólkíð og fjölskyldurnar fremur en einkahagsmuni, hverjir sem þeir séu. Fólk sem á hagsmuna að gæta á ekki að vera í sveitarstjórnarmálum þar sem það getur kallað yfir sig vanhæfni. Ég get fullyrt það að ég hef engra hagsmuna að gæta. Ég er í þessu af hreinum félagslegum áhuga.“

Þröngir tímar eru í rekstri bæjarfélaga á landinu en þrátt fyrir það segir Marteinn að

Bæjarfulltrúinn Marteinn Magnússon

MANNGILDI OFAR AUÐGILDI

Skipar 1. sæti B-listans



nokkur spennandi verkefni séu framundan. Þar má helst nefna yfirfærslu á málefnum fatlaðra og aldraðra. Bæði þessi mál snúast um að bæta aðstöðu þessara hópa með því að færa málefni þeirra til sveitarfélaganna í nærþjónustu. Þannig má ná fram hagræðingu og samlegðaráhrifum. „Við eigum að stuðla að auknum jöfnuði og lífsgæðum og það samrýmist vel grundvallarstefnu Framsóknarflokksins. Mosfellsbær er á góðri leið að verða gott bæjarfélag, við þurfum hinsvegar að tileinka okkur meiri félags- og umhverfishyggju, virðingu fyrir íbúalýðræði en það verður að vera hornsteinn. Það er markmið okkar í B-listanum að koma á meira íbúalýðræði og stuðla að því að fólk geti kosið um stærri ákvarðanir“



Marteinn og Heidi

Marteinn í bæjarmálum

Marteinn var kosinn í bæjarstjórn 2006 en varamaður frá 2002.

Marteinn hefur setið í fjölskyldunefnd, skipulagsnefnd, heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis sem og í bæjarráði.

Utan bæjarmálanna

Marteinn er 48 ára og hefur búið í Mosfellsbæ síðan 1998 þegar hann fluttist í Furubyggð 17 Starfar sem markaðsstjóri hjá Eggerti Kristjánssyni hf. Giftur Heidi Andersen og á þrjár dætur. Hefur mikla reynslu af félagsmálum er meðal annars fv. formaður Hestamannafélagsins Harðar í Mosfellsbæ

Marteinn sér fyrir sér að hægt væri að breyta bæjarmálasamþykktinni þannig að kalla megi fram íbúakosningar t.d. ef 25% kosningabæra bæjarbúa óski þess. Einnig væri hægt að gera kannanir meðal íbúa í gegnum íbúagáttina á heimasíðu bæjarfélagsins í ýmsum málum sem snerta íbúana. Þessar kannanir gætu verið leiðbeinandi og jafnvel bindandi ef hlutfall kjósenda væri yfir ákveðnum



Marteinn og Margrét á leið upp Esjuna

mörkum. „Nærtækt dæmi um þetta gæti verið viðhorfskönnun á íbúagátt um nýtt deiluskipulag miðbæjarsvæðisins eins og það lítur út fyrir staðfestingu. Þannig hefðu íbúar Mosfellsbæjar meira um sitt umhverfi að segja í framtíðinni. Þótt bæjarfulltrúar séu kosnir til þess að taka ákvarðanir þá er mikilvægt að þeir hlusti og þá ekki bara á 4 ára fresti.“

Hófsemi

Í framtíðinni sér Marteinn fyrir sér að Mosfellsbær verði fjölskylduvænna samfélag þar sem gjöldum fyrir þjónustu er stillt í hóf og byrðunum jafnað frekar en nú er. „Mosfellsbær var klárlega fjölskylduvænni þegar ég flutti hingað og lág gjöld á barnafjölskyldur var eitt af aðalsmerkjum bæjarfélagsins. Þótt fjárhagur sveitarfélaga sé frekar þröngur á að gera eins vel og hægt er að hverju sinni.“

Marteinn vill standa vörð um grunnþjónustuna og reyna að veita þá bestu þjónustu sem hægt er fyrir þá peninga sem eru fyrir hendi. „Ég sé ekki fyrir mér að bæjarfélagið fari í stórfamkvæmdir næstu árin. Við verðum að eyða orkunni og peningunum í að styrkja grunnstoðirnar og koma herna upp framhaldsskóla og standa vel að skólamállum en ekki setja stórar fjárhæðir í gæluverkefni og íburð. Þá er brýnt að draga úr og spara í yfirstjórn svo sem kostur er.“





Heidi og Margrét María í fjallgöngu

Atvinnumál bæjarfélagsins

Gríðarlega mikilvægt er að mati Marteins að auka atvinnutækifæri í bænum og talar hann sérstaklega um hvernig núverandi meirihluti lagði niður atvinnu- og ferðamálanefnd og hefur umgengst þennan málaflokk mjög óvarlega. Sérstaklega strax eftir kosningar 2002 en þá sögðu Sjálfstæðismenn upp atvinnu- og ferðamálafulltrúa bæjarins.

„Atvinnuleysi er það versta sem getur hent nokkurn mann og verðum að bregðast við sem samfélag. Mosfellsbær gæti til dæmis reynt að styðja betur við þá einstaklinga og hópa sem vilja hefja atvinnurekstur. Þá mætti sjá fyrir sér íbúabæing um atvinnumál þar sem hugvit fjöldans væri lykill að sköpun þetta væri önnur nálgun til að virkja atvinnusköpun í bænum.“

„B-listinn í Mosfellsbæ nýtur góðs af þessari mikilli nýliðun en á listanum eru níu af fjórtán frambjóðendum nýtt fólk.“

Heiðarleiki

Þegar hann er spurður um framtíð Framsóknarflokksins segir Marteinn að eftir bankahrunið hafi orðið jákvæðar breytingar í flokknum „Grasrótin tók völdin og líður ekki einkahagsmunapot og vill að þeir sem eru í forsvari standi sig og séu heiðarlegir. Flokkurinn var komin útaf sporinu en er kominn á rétt ról aftur. Hann hefur nálgast grundvallarstefnumálin sem eru miðjusinnuð og er umhugað um jöfnuð. Þetta sýnir sig best í þeim fjölda sem bæst hefur inn í raðir Framsóknarflokksins. Það hefur verið mikil endurnýjun á listum flokksins víðsvegar um landið og ekki síst í þingflokknum“. B-listinn í Mosfellsbæ nýtur góðs af þessari mikilli nýliðun en á lista eru níu af fjórtán frambjóðendum nýtt fólk.



Marteinn á hestaferðalagi

Opinn fundur með Sigmundi Davíð



Sigmundur Davíð Gunnlaussón

Heldur opinn almennan stjórn mála fund í Listasal Mosfellsbæjar þriðjudaginn 18.maí kl 20.00

Allir velkomnir



FRAMSÓKNARFLOKKURINN



Fjármálaspeki sjálfstæðismanna



Í stefnuskrám fyrir síðustu kosningar hafa sjálfstæðismenn hreykt sér af því að þeir einir flokka sé treystandi fyrir að halda utan um fjármál ríkis og sveitarfélaga. Hver er svo sagan?

Ísland er í kalda koli eftir langvarandi stjórn sjálfstæðismanna í peningamálum. Við stjórnvöllinn þegar hrúnið varð og búnir að vera við stjórnvöllinn í áráraðir sjálfstæðismennirnir Geir Haarde forsætisráðherra, Davíð Oddsson f.v. forsætisráðherra, seðlabankastjóri og formaður bankastjórnar og Árna Mathiesen fjármálaráðherra.

Síðan er nú rúsinan í pylsuendanum að undir stjórn sjálfstæðismanna nú síðustu tvö kjörtímabil er Mosfellsbær á eldrauðu ljósi eftir mikil þenslu og uppgangsár. Þetta má lesa í frétt og saman tekt Morgunblaðsins 13.mars sl. en þar segir m.a. að skuldir bæjarfélagsins séu 7,8 milljarðar og skuldir á hvern íbúa séu rúmlega 900 þúsund. Skuldir sem hlutfall af tekjum er síðan 171% .

Ágæti kjósandi er það þessi stjórn á fjármálum sem þú ætlar að kjósa í næstu sveitarstjórnkosningum?

Þróstur Karlsson

f.v. forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs.

Félag ungra framsóknarmanna í Mosfellsbæ stofnað



Fjölmennt var þegar Félag ungra framsóknarmanna í Mosfellsbæ (FUFM) var stofnað sl. fimmtudag. Formaður og varaformaður Sambands ungra framsóknarmanna mættu á svæðið til þess að samfagna stofnun þess en þau eru bæði úr Mosfellsbæ. Allir 16-35 ára eru velkomnir í þetta nýja félag en formaður þess er Steinunn Sigurðardóttir.

Hægt er að fylgjast með á Facebook undir XB Mosó og ganga þar í félagið.



www.suf.is

**FRAMTÍÐIN ER Í ÞÍNUM HÖNDUM
HAFÐU ÁHRIF - VERTU MEÐ!**




Fjárhagur Mosfellsbæjar

Rekstrarniðurstaða A-hluta* Mosfellsbæjar hljóðaði upp á 322 m.kr. tap árið 2009. Þetta tap svarar til um 8% halla sem hlutfall af tekjum. Margt bendir til að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna hafi misst tökin á rekstri bæjarins og má nefna eftirfarandi tvö dæmi því til staðfestingar.

Skuldasöfnun

Skuldir Mosfellsbæjar á kjörtímabilinu hafa hækkað úr 3,5 milljörðum í ríma 6,9 milljarða. Íbúum hefur fjölgað úr 7.500 í 8.500 á þessu tímabili þannig að skuldir pr. íbúa hafa hækkað úr 464 þ.kr. í 811 þ.kr. eða um 75%. Þessi skuldasöfnun veldur því að sífellt meiri hluti af skatttekjum fer í greiðslu




vaxta og verður því ekki nýttur í þjónustu við bæjarbúa. Fjármunamyndun í rekstri A og B hluta á árinu 2009 var 131 m.kr. en afborgunarbirgði lána er áætluð um 500 m.kr. á ári næstu ár þannig að ljóst er að

taka þarf ný lán fyrir öllum framkvæmdum auk þess sem endurfjármagna þarf lán bæjarins með nýjum lánnum vegna þess hve rekstur bæjarins er slakur.

Gífurleg hækking hjá yfirstjórn

Launakostnaður yfirstjórnar Mosfellsbæjar var árið 2006 189,8 m.kr. og hækkar jafnt og þétt þannig að árið 2009 var launakostnaður yfirstjórnar 275,7 m.kr. og hefur því hækkað um 45%. Á sama tíma hafa laun skv. kjarasamningum ASÍ hækkað um 15,2%. Annar kostnaður yfirstjórnar hefur einnig hækkað og sem dæmi um það má nefna að húsaleiga yfirstjórnar



hefur hækkað úr 14,7 m.kr. árið 2006 í 33,3 m.kr. árið 2009. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á rekstri yfirstjórnar á árinu 2010 og finnst mörgum almennum starfsmönnum bæjarins svo sem í skólum og leikskólum þar sem hart er gengið fram varðandi niðurskurð og kökunni ójafnt skipt.

Lögreglustöð verður ekki staðsett í Mosfellsbæ í nánustu framtíð

Löggæslan í Mosfellsbæ hefur í gegnum tímann verið umdeild sérstaklega eftir að lögreglustöðin flutti á Völuteig. Fyrir ári síðan flutti síðan starfsemi lögreglunnar úr Mosfellsbæ að Krókháls 5 í Reykjavík á meðan hún bíður eftir að komast nýtt húsnæði.

Mosfellsbæ hefur lengi skort á þjónustu lögreglu við bæjarbúa. Lögreglan hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa mjög takmarkaðan tíma til að þjóna íbúum bæjarins og hefur til margra ára einungis verið opið á skrifstofutíma virka daga.



Íbúar hafa m.a. gagnrýnt langan útkallstíma sem að þeim sé boðið upp á með því að hafa lögregluna í svo mikilli fjarlægð. Lögregluumdæmið nær í dag yfir Árbæ, Grafarholt, Grafarvog, Hvalfjarðargöng, Kjalarnes, Kjósarhrepp, Mosfellsbæ og Úlfarsfell. Á meðan umdæmin á höfuðborgarsvæðinu hafa stækkað þá hefur rekstrarfé til þeirra verið skorið niður um 225 milljónir á ársgrundvelli.

Nýtt húsnæði ekki á leiðinni

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafði áform um að byggja nýtt húsnæði að Skarhólamyri undir nýja slökkvistöð. Samkomulag var á milli lögreglu og slökkviliðs um að lögreglan myndi leigja þar húsnæði undir lögregluumdæmið.

Nú er ljóst að ekki verður af henni þar sem yfirvöld hafa slegið henni á frest þangað til í desember á þessu ári. Þeir sem þekkja til eru ekki bjartsýnir á að byggt verði í nánustu framtíð.

Í skýrslu Ríkislögreglustjóra frá 2009 kemur fram að þjófnaðarbrotum fjölgar um 98% á milli árunna 2008-2009 sem er ótrúlega mikil aukning miðað við árin á undan. Í samtali Mosfellsfrétta við lögreglu kemur í ljós að glæpum hér í Mosfellsbæ hefur aftur fækkað á þessu ári, eftir þessa stóraukningu á milli ára. Má það þakka því að glæpagengi hafa verið upprætt. Þeim hefur þó ekki fækkað hlutfallslega niður í það sem var árið 2008.

Nú er því svo komið að í nánustu framtíð munu Mosfellingar ekki hafa lögreglu í sínu nánasta umhverfi, nema hún sé í eftirlitsferðum sem er algjörlega ósættanlegt.

Opnun kosningaskrifstofu B-listans að Háholti 14, 2. hæð





Brúarland hús með sögu

Eftir Lindu Björk Stefánsdóttur
Skipar 5. sæti B-listans



Brúarland er hús með mikla sögu. Það hefur verið notað fyrir ýmsa starfsemi í gegnum tíðina má nefna símstöð, samkomuhús sveitarinnar, tónlistarskóli, félagsaðstaða fyrir íþrótt- og skátastarf og kóra. Fyrst og fremst skóli sveitarinnar og nágrannasveitarfélaga. Ef veggir hússins gætu talað gætu þeir sagt okkur margar sögur.

Byggingarsaga hússins.

Bygging skólahúss að Brúarlandi hófst 1922, en þar átti að vera barnaskóli með heimavist, en jafnframt samkomuhús sveitarinnar. Þegar til kom fékkst aðeins leyfi til þess að byggja hluta þess. Í kjallara hússins hófst síðan kennsla þann 5. desember sama ár. Árið 1929 var ráðist í að byggja við og ofan á húsið og því verki var lokið um áramótin 1929-1930. Brúarlandshúsið var lengi eitt glæsilegasta barnaskólahús í sveit á Íslandi. Húsið stóð við þjóðbraut þvera í orðsins fyllstu merkingu og stendur reyndar enn svo vitnað sé í bókina Brúarlandsfólkið.

Skólasafn.

Ég sé fyrir mér að í Brúarlandi verði í framtíðinni skólasafn. Það þyrfti reyndar að leggja svólítið á sig til að leita uppi gamla skólamuni, þar sem varðveisla þeirra hefur ekki verið mikil. Jafnvel þyrfti kannske að smíða suma þeirra frá grunni. Gamlar skólabækur og áhöld sem notuð hafa verið til kennslu og margt fleira mætti e.t.v. finna í skólum víða um land. Slíkir



munir gæti jafnvel leynst í skápum og geymslum gamalla nemenda. Það væri líka hægt að nota þetta sem lifandi safn, flétta inn í kennslu hjá yngri nemendum og jafnvel eldri. Brúarland gegnir nú hlutverki Framhaldsskóla Mosfellsbæjar. Þegar því hlutverki lýkur væri skólasafn verðugt hlutverk fyrir gamla

skólann. Það yrði fyrsta og eina sinnar tegundar hér á landi. Ég minnst Brúarlands alltaf með hlýhug en þar átti ég einn góðan vetur í gagnfræðaskóla. Höldum nafni Brúarlands á lofti um ókomin ár sem skólasafni, svo börn framtíðarinnar fái að

upplifa skólagöngu forfeðra sinna.



www.kaffikiddarot.is



Myndin er frá opnun Cafe Kidda Rót þar sem margir lögðu leið sína til að smakka á frium pizzusneiðum.

Kosningaskrifstofa



OPNUNARTÍMI:

Virka daga 16:00 - 19:00
Laugardaga 11:00 - 14:00

Alltaf heitt á könnunni
Kíktu við í spjall með fram-
bjóðendum

Háholti 14
2. hæð

Netfang: frettir@mosfellsfrettir.is - www.mosfellsfrettir.is



FLJÓTLEG UPPSKRIFT (10-15 mínútur)

CHOW MEIN EGGJANÚÐLUR MEÐ KJÚKLING OG RÆKJUM FYRIR TVÖ

Eftir Óla Kárason Tran - Skipar 8. sæti B-listans

2 Kjúklingabringur skornar í bita
Rækjur (magn eftir smekk)
400g forsoðnar eggjanúðlur
1 forsoðin gulrót, gróft skorin
2 vorlaukar, gróft skornir
½ laukur, fint skorinn
½ haus af kínakáli, gróft skorinn
2 egg
6 msk grænmetisólía
Salt og sykur eftir smekk
2 msk sojasósa (Kikkoman)

Brúnið kjúklingabringurnar og setjið þær svo til hliðar.

Hrærið eggin á pönnunni, bætið gulrót, vorlauk, lauk og kínakáli við og léttsteikið saman. Núðlunum er bætt út í um leið og búið er að ná upp hita á þeim. Því næst er salt, sykur og sojasósa sett saman við. Að lokum er kjúklingnum og rækjunum skellt út í og allt léttsteikt saman.

Galdurinn er að ná upp góðum hita á pönnunni og hafa allt tilbúið áður en hafist er handa. Þá tekur matreiðslan örskotsstund.



Chow Mein Eggjanúðlur



Bæjarstjórinn og Alefli

Á haust mánuðum 2005 keypti Alefli ehf. húseignina að Háholti 23, sem er á miðbæjarsvæðinu. Sjálfstæðisfélag Mosfellsbæjar fékk í framhaldinu leigðan hluta af húsnæðinu undir flokkstarf sitt.



Húsnæði sem Alefli keypti og leigði Sjálfstæðisflokknum fundaraðstöðu í.

Skömmu eftir kaupin sótti Alefli ehf. um lóðina við hliðina, Háholt 21. Bæjarstjórn var jákvæð fyrir erindinu og fékk Alefli því henni úthlutað. Um það var rætt að þeir ætluðu að flytja starfsemi fyrirtækisins í bæjarfélagið en ekkert hefur orðið úr því. Fáum mánuðum síðar eru kynntar í skipulagsnefnd Mosfellsbæjar undir forystu sjálfstæðismanna fyrstu tillögur að nýjum breyttum miðbæ. Viti menn, þá eru þessar tvær ofangreindu lóðir orðnar að fjölbýlishúsalóðum með mörgum byggingarritum fyrir fjölbýlishús. Lóðirnar urðu þannig mun

verðmætari. Hvílk framsýni og hvílikur lottóvinningur fyrir Alefli ehf. Algjör tilviljun hlýtur að vera þarna á ferð eða er það ekki?



Bílskúrin sem Alefli byggði

Á þessum tímum var Alefli ehf. líka byggingaraðili að nýjum bílskúr sem stendur við einbýlishús bæjarstjórans við Hulduhóla. Til viðbótar við fyrrnefnt var Alefli ehf. sérstaklega valið af bæjarfélaginu úr hópi byggingarfyrirtækja til að byggja upp eina stærstu og eftirsóttustu fjölbýlishúsalóð í Kriкахverfinu, nánar tiltekið Stórakrika 2. Heppið byggingarfélag að vera valið úr hópi fyrirtækja, finnst þér það ekki? Síðustu vikur og mánuði hefur Alefli ehf. verið að byggja fyrir bæjarstjórn stórt og glæsilegt einbýlishús við Skálahlíð í Mosfellsbæ.

Er þetta nú ekki afar óheppilegt fyrir Harald Sverrisson bæjarstjóra Mosfellsbæjar

og f.v. formann skipulagsnefndar á þeim árum þegar allt hér að ofan var að gerast í skipulagsmálum?

En hvað þetta er nú allt frekar tilviljanakennt. Hvað finnst þér kjósandi góður?

Ritstjórn Mosfellsfréttar efast ekki um að Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Sjálfstæðisfélag Mosfellsbæjar séu með bókhald sitt á hreinu og að viðskiptin við Alefli séu gegnsæ og heiðarleg.

En svona gera menn ekki!



Glæsileg blokkarbygging Aleflis að Stórakrika 2



Aleflisbilar við einbýlishús í Skálahlíð

Brakandi og stökkar Pagens-bruður

-trefjarík hollustufæða úr úrvalshráefnum náttúrunnar.

Pagen

KRISPROLLS[®]
naturell

En ren naturprodukt

Fínar og grófar, ómissandi á morgunverðarborðið.

-prófaðu þessar grófu sykurlausu